

Efnislýsing: Múrklæðning yfir steinullareinangrun með steiningarsalla

Múrkerfið skal vera hannað fyrir steinullareinangrun og með steiningarsalla (Dry Dash aggregate) sem lokaáferð og fyrir byggingar sem eru hærri en 11 metrar. Kerfið skal vera vottað af óháðum vottunaraðila sem er með starfsleyfi til að votta byggingarvörur , efni og kerfi fyrir byggingariðnað.

Öll efni sem eru notuð í múrkerfið skulu vera hluti af múrkerfinu og ekki skal nota önnur efni en framleiðandi tekur fram í lýsingu sinni yfir múrkerfið.

Kerfið skal hafa brunavottun sem uppfyllir eftirfarandi kröfur A2 (Reaction to fire classification) S1 (Smoke protection) og d0 (flaming droplets)

Söluaðili og framleiðandi skulu gefa út handbók fyrir verkefnið sem sýnir frágang og útfærslu á öllum deilum í byggingunni og skal sú handbók vera leiðbeiningar fyrir verktaka og innihalda öll tækniblöð og öryggisblöð yfir efni í klæðningunni.

Framleiðandi skal veita amk 10 ára ábyrgð á efnum og hlutum í kerfinu og nær sú ábyrgð yfir framleiðslugalla efna. Einnig skulu framleiðandi og verktaki veita sameiginlega verkábyrgð sem nær yfir galla eða skemmdir sem myndast í kerfinu og er ekki hægt að rekja til rangra vinnubragða eða að leiðbeiningum hafi ekki verið fylgt.